	Hafnarfjarðarbær
Innk: _____	17/11 2015
Málsnr: _____	1511192
Bréfal: _____	021



Hafnarfjarðarkaupstaður
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri
Ráðhúsi Hafnarfjarðar, Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 16. nóvember 2015
Tilv.: IRR15070012/18.13.3


Ráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi bréf fjögurra bæjar- og varabæjarfulltrúa í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 2. þ.m., þar sem þeir kvarta yfir því hvernig staðið hafi verið að útsendingu gagna fyrir fund bæjarstjórnar 28. október sl. þar sem fram fór fyrri umræða um fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar. Óska bréfritarar eftir því að innanríkisráðuneytið kanni málavöxtu og gefi álit sitt á því hvort framkvæmdin hafi verið í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Með bréfinu fylgdu fundarboð og fundargerð ofangreinds bæjarstjórnarfundar, útsend gögn vegna fyrri umræðu um fjárhagsáætlun á fundinum og tölvupóstssamskipti vegna útsendingarinnar.

Um stjórnssýslueftirlit ráðherra með sveitarfélögum fer eftir XI. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt 109. gr. laganna hefur ráðherra eftirlit með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt lögunum og öðrum löglegum fyrirmælum, að því leyti sem öðrum stjórnvöldum á vegum ríkisins hefur ekki verið falið það með beinum hætti. Í 111. gr. er kveðið á um kæruehimild til ráðuneytisins vegna stjórnvaldsákvæðana sveitarfélaga og samkvæmt 112. gr. getur ráðuneytið sjálft ákveðið hvort tilefni sé til þess að taka til formlegrar umfjöllunar stjórnssýslu sveitarfélags sem lýtur eftirliti þess skv. 109. gr., óháð því hvort um kærana stjórnvaldsákvörðun sé að ræða eða ekki.

Samkvæmt 9. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 772/2013, boðar bæjarstjóri fundi bæjarstjórnar. Með vísan til þess er óskað eftir afstöðu yðar til erindis bæjarfulltrúanna. Þá er jafnframt, með vísan til 113. gr. sveitarstjórnarlaga, óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi:


- Með hvaða hætti hefur verið staðið að gerð og meðferð á tillögu að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2016 í bæjarráði og bæjarstjórn?
- Með hvaða hætti hefur verið staðið að gerð og meðferð á tillögu að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árin 2017-2019 í bæjarráði og bæjarstjórn?
- Á hvaða stigi og með hvaða hætti hafa forsendur ofangreindra tillagna að fjárhagsáætlunum verið kynntar fulltrúum í bæjarráði og bæjarstjórn og í hvaða formi hafa þær fylgt tillögunum, sbr. 4. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga?

Skulu umbeðnar upplýsingar hafa borist ráðuneytinu eigi síðar en mánudaginn 30. nóvember nk.



Hermann Sæmundsson

Fyrir hönd ráðherra



Ólafur Kr. Hjörleifsson

minnis. 151192
021

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
M. 18.13.3	Ö. 18.13.3
15070012	

Innanríkisráðuneytið

Bt. Ólafur Hjörleifsson

Efni: Fjárhagsáætlanir, boðun og dagskrá sveitarstjórnarfundar

Þann 26. október sl. var boðað til fundar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 28. október kl. 16:00. Á meðal liða á útsendri dagskrá var fyrri umræða um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir næsta ár.

Í fylgigögnum sem bæjarfulltrúar höfðu aðgang að voru einungis áætlaðar niðurstöðutölur rekstrar, efnahags og sjóðsstreymisyfirlit en engar upplýsingar um forsendur þeirrar áætlana sem taka átti til fyrri umræðu á fundinum. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar og óskir um að fá sendar forsendur þeirra áætlana sem ætlunin var að taka til umræðu var ekki orðið við þeirri beiðni undirritaðra bæjarfulltrúa.

Í stað þess að veita kjörnum fulltrúum aðgang að umbeðnum upplýsingum voru þeir boðaðir á kynningarfund sem hefjast átti tæpum tveimur klukkustundum áður en bæjarstjórnarfundur hafði verið boðaður. Þar kynntu embættismenn þann hluta fjárhagsáætlunar sem snerti viðkomandi málaflokka. Í beinu framhaldi hófst bæjarstjórnarfundur.

Undirritaðir bæjarfulltrúar gerðu strax athugasemd við þetta fyrirkomulag og vísuðu m.a. til 4. mgr. 62. greinar sveitarstjórnarlaga, þar sem segir að tillögum til fjárhagsáætlunar skuli fylgja „upplýsingar um þær forsendur sem byggt er á“, sem og „lýsing helstu framkvæmda og skuldbindinga sem gert er ráð fyrir.“ Hvorugt fylgdi með útsendri dagskrá bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 26. Október sl., né voru þær upplýsingar gerðar aðgengilegar bæjarfulltrúum minnihluta fyrir en við upphaf fundarins miðvikudaginn 28. október sl. Teljum við því að fyrrgreindu ákvæði laganna hafi ekki verið fylgt við boðun umrædds fundar. Okkar máli til stuðnings vísuðum við m.a. til greinargerðar með lögnum þar sem segir um 4. mgr. 62. greinar laganna:

„Í 4. mgr. kemur fram ákveðin krafa um forsendur sem skulu fylgja tillögum að fjárhagsáætlunum. Hér er um að ræða ákaflega mikilvægt nýmæli. Ekki er gerð krafa um að þessi fylgigögn tillögu verði afgreidd sem hluti af fjárhagsáætlunum sjálfum en fjárhagsáætlanir verða ekki trúverðugar eða ábyggilegar nema þær forsendur sem búa þeim að baki séu það einnig.“

Þá vísuðu undirrituð einnig til þess að í 15. grein sveitarstjórnarlaga væri gerð sú krafa að reglulegir fundir sveitarstjórna skyldu boðaðir með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara og fundarboði skyldi fylgja dagskrá fundarins og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Á fyrrgreindum forsendum töldum við og teljum enn að ekki hafi verið boðað til og staðið að umræddum bæjarstjórnarfundum með löglegum hætti og þar af leiðandi ekki til staðar forsendur til að fyrri umræða um fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar hafi getað farið fram með þeim hætti sem lög mæla fyrir um.


Í þeim tilgangi að reyna tryggja að málsmeðferðin væri í samræmi við lög og vandaða starfshætti gerðum við tillögu um það á fundinum að fyrri umræðu yrði frestað um viku tíma og kjörnum fulltrúum yrði þannig gefið tækifæri til að undirbúa störf sín í samræmi við þær skyldur sem á þeim hvíla. Tillaga þess efnis var felld með sjö atkvæðum fulltrúa meirihlutans gegn fjórum atkvæðum undirritaðra bæjarfulltrúa. Engar skýringar voru gefnar á afstöðu meirihlutans til dagskrártillögunnar.

Mi
18 A


Teljum við að með þessu móti hafi hluti kjörinna fulltrúa verið sviptur rétti sínum til að sinna starfsskyldum sínum með viðeigandi hætti og í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Í ljósi þess að um er að ræða stærstu einstöku ákvörðun sem hver sveitarstjórn tekur og markar grundvöll að öllum fjárhagslegum ráðstöfunum sveitarfélagsins, teljum við það ekki geta samrýmt eðlilegri og vandaðri stjórnsýslu að virða ekki þær meginreglur um málsmeðferð sem ákveðnar eru í sveitarstjórnarlögum og fjalla sérstaklega um málsmeðferð slíkra tillagna. Þá teljum við að gera eigi ríkar kröfur um að sveitarstjórnir og framkvæmdastjórar sveitarfélaga fari eftir þeim leikreglum sem settar hafa verið og leggi sig fram um að tryggja að kjörnir fulltrúar geti átt upplýsta og málefnalega umræðu og tekið ákvarðanir byggðar á bestu mögulegu upplýsingum hverju sinni.

Með vísan til ákvæða XI. kafla sveitarstjórnarlaga óskum við eftir því við innanríkisráðuneytið að það kanni málavöxtu og gefi álit sitt á því hvort umrædd framkvæmd hafi verið í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Hafnarfirði 2. nóvember 2015



Adda María Jónsdóttir, bæjarfulltrúi



Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi



Ófeigur Friðriksson, bæjarfulltrúi



Sverrir Garðarsson, varabæjarfulltrúi

Meðfylgjandi eru eftirtalin fylgigögn:

1. Fundarboð bæjarstjórnarfundar dags. 26. október 2015
2. Útsend gögn vegna fyrri umræðu um fjárhagsáætlun ársins 2016 og þriggja ára áætlunar 2017-2019.
3. Samskipti bæjarfulltrúa við bæjarstjóra vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum
4. Fundargerð bæjarstjórnarfundar frá 28. október 2015.

Þá bendum við innanríkisráðuneytinu á að sjónvarpsupptöku af fundinum er hægt að nálgast á vef Hafnarfjarðarbæjar.